

Apríl 2016



Fréttabréf Fljótisdalshrepps

Íbúar Fljótisdalshrepps

Deiliskipulag Hengifoss

Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulag fyrir Hengi-fossvæðið 11.08 2015.

Með birtingu á auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda 17. 12 2014, hefur skipulagið öðlast gildi.

Deiliskipulagið er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins

www.fljotsdalur.is

Gamlar gerðarbækur

Leitað er að gömlum gerðabókum Fljótisdælinga. Ef einhverjir hafa slíkar bækur í förum sínum er bent á að koma þeim til varðveislu á Hérðasskjalasafnið

Styrkir til sauðfjárþænda garnaveikibólusetning 2015

Fljótisdalshreppur styrkir sauðfjárþænda vegna garnaveikibólusetningar 2015, sem nemur kostnaði við lyf. Styrkur er greiddur út á grundvelli reikninga frá dýralæknum, þar sem fram kom upplýsingar um hve margar kindur voru bólusettar. Oddviti veitir frekari upplýsingar og sér um að greiða styrkinn út.

Áminning til landeigenda varðandi viðhald veggirðinga!

Árlegu viðhaldi girðinga við stofn- og tengivegi, á að vera lokið fyrir 30. júní ár hvert.

Auglýst hefur verið tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Fljótisdalshrepps og á heimasíðu www.fljotsdalur.is, frá 29.04 til 16.06 2016.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berist í síðasta lagi 16.06 2016, til skrifstofu Fljótisdalshrepps, eða rafrænt á netfangið:

fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is

Jafnréttisáætlun

Sveitarstjórn hefur samþykkt jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið.

Jafnréttisáætlun Fljótisdalshrepps fylgir þessu fréttabréfi, íbúum til kynningar.

Efni:

Deiliskipulög Hengifossvæðis, og frístundabyggðar Víðivöllum ytri 1

Garnaveikibólusetning 2015

Gamlar gerðarbækur

Sorp

Fjárhagsáætlun 2016 og styrkir

Jafnréttisáætlun Fljótisdalshrepps

Viðhald veggirðinga

Sorp

Síðast liðið haust stóðu Fljótisdalshérað, Fljótisdalshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður sameiginlega að útboði fyrir sorphirðu á svæðinu. Gengið hefur verið frá samningi við lægstbjóðanda, Íslenska Gámafélagið.

Ekki eru breytingar á sorphirðu heimilisorps í Fljótisdal og sama sorpflokkun og verið hefur. Íbúar eru hvattir til að flokka sorp í samræmi við reglur og minnka þannig umfang urðunar á sorpi.

Sorpgámar sem staðsettir eru við vegamót, neðan við Végarð, verða þar áfram, a.m.k enn um sinn, þar geta íbúar losaði sig við járn, timbur, rafgeyma (kar) og óflokkað sorp (lokaður gámur).

Íbúar geta óskað eftir (hjá oddvita) að fá járn og timburgáma heim á bæi, t.d. ef staðið er í framkvæmdum eða tiltekt á jörðum.

Sorphiðurdagatal fyrir árið 2016 fylgir fréttabrefinu.

Fjárhagsáætlun 2016

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016, á fundi 21 desember 2015

Skólahlaldi á Hallormsstað hefur verið hætt. Gjaldskrár verða ekki hækkaðar. Álagningarprósenta útsvars er 13,20%, A stofn fasteignaskatts 0,40%, B stofn 1,32% og C stofn 1,65%.

Engin lántaka er fyrirhuguð og gert ráð fyrir afgangi af rekstri. Áætlaðar fjárfestingar að upphæð kr. 28 millj

Íbúum er bent að að kynna sér samþykktir og reglur s.s. varðandi styrki á heimasíðu Fljótisdalshrepps.

Styrkir 2016

Námsmenn 16-25 ára geta sótt um námsstyrk.

Fristundastyrkir fyrir 6-18 ára

Umhverfisstyrkir verða áfram í boði.

Hægt er að sækja um styrki til að kaupa sauðfjarkvóta..